


Afstöðumynd mkv. 1:1000

SAMÞYKKT
02 DES. 2010
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.

# Byggingarlýsing:

Húsið er frístundarhús á einni hæð matshluti 01 og skáli matshluti 02.
Húsið er timburhús á steyptum grunni einangrað í grind og með útloftuðu sperruþaki. Gestahús byggt á sama hátt er matshluti 02.
Húsið skal að öllu leiti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir og uppfylla ákvæði skipulagsskilmála.

## Sökklar:

Sökklar eru steinsteyptir ofan á þjappaða fyllingu. Niður með sökklum að utanverðu er einangrað með 25mm plasteinangrun 50sm niður fyrir jörð.
Að öðru leiti vísast til verkfr. teikn.

## Botnplata:

Botnplata er steinsteypt ofan á þjappaða fyllingu og slípuð.
Undir botnplötu er einangrað með 75mm plasteinangrun.
Hitalagnir eru steyptar í ílögn ofan á botnplötu

## Veggir:

Útveggir eru 50x150mm timburgrind. Útveggir eru einangraðir með 150mm steinull, rakasperra, rafmagnsgrind og klæðning að innanverðu. Að utanverðu er klætt á grind með 9mm krossvið, 22x50mm loftunargrind og panilklæðningu. Innveggir eru léttir grindarveggir klæddir plötum og panil.

## Gluggar og Hurðir:

Gluggar og hurðir eru úr timbri og allt gler er tvöfalt K-gler.

## Þak:

Þak hússins er sperruþak með 14° þakhalla borið uppi af útveggjum og límtrébitum í miðju. Þakið er einangrað með 200mm steinull og útloftað sbr. sérteikn. Neðan á sperrur er sett rakasperra, rafmagnsgrind og loftaklæðning. Ofan á sperrur er klætt með borðaklæðningu undirlagspappa og báruðum málmplötum.

## Lagnir:

Öll lagnakerfi hússins s.s. hiti, vatn, frárennsli, rafmagn og loftræsting eru gerð í samræmi við gildandi reglugerðir og vísast til teikinga verkfræðings.
Hiti lagður með PEX-rörum í gólfplötu og með ofnum.
Vatnslagnir lagðar með ÁL-PEX rörum í veggjum og ídráttarrörum.
Frárennsli í jörð lagt með PVC rörum og PP rörum innanhúss.
Raflagnir eru lagðar á hefðbundinn hátt í veggjum gólfi og lofti sbr. reglugerð um raflagnir. sjá teikn. raflagnahönnuðar.

## Lóð:

Á lóðinni eru bílastæði sbr. afstöðumynd og verandir ýmist úr timbri steypu eða hellum.
Rotþró er sett sbr. afstöðumynd og skal fylgt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar við frágang hennar.

## Eldvarnir:

Í öllum herbergjum og bílgeymslu skal komið fyrir reykskynjurum staðsettum í lofti. Slökkvitæki er staðsett í anddyri. Björgunarop eru í öllum svefnherbergjum og eru þau tophengd 620x560mm með fríu umferðarmáli 2360mm.

Litaval húsa skal vera samræmt og gert í samráði við aðalhönnuði.

## Stærðir:

| Hús nr. | m² | m³ |
|---|---|---|
| matshl.01 | 92,0 | 322,4 |
| matshl.02 | 25,0 | 72,0 |
| Samtals | 117,0 | 394,4 |

Lóðarstærð 5260,0m²

Lóðarnýting 0,022

Hámarksgildi kólnunartalna:

Byggingarhlutar U-gildi W/m² K
Útveggir: ........................................0,40
Þak ...............................................0,20
Gólf ..............................................0,30
Gluggar/ karmar og gler mt. .........2,00
Vegið meðaltal útveggja.................0,80

Frístundarhús í landi Öndverðaness, Grímsnes-og Grafningshreppi Árnessýslu.
lóð nr. 1 við Arnarhólsbraut

| Afstöðumynd og byggingarlýsing | kvarði 1:1000 | teikn. nr. 1 |
|---|---|---|
| Ingi Gunnar Þórðarson byggingafræðingur bfí kt. 280453-3239<br>Safamýri 87 Reykjavík sími 568 3523, 897 3523, netf.igth@simnet.is | dags. 26.11.2010 | breytt: |

| Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |